

Efni: Umsögn Félags íslenskra læknanema í Ungverjalandi um frumvarp til laga um Menntasjóð Námsmanna

FÍLU - Félag íslenskra læknanema í Ungverjalandi vill koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið, en með því er vegið að getu okkar til þess að stunda nám í læknisfræði. Vankantar á eftirfarandi atriðum í fyrirbyggjandi frumvarpi koma sér illa fyrir okkar félagsmenn, sem stunda bæði dýrt og langt nám. Helstu athugasemdir okkar við frumvarpið eru eftirfarandi.

Framfærslulán og skólagjaldalán:

Í annari gr. fyrsta kafla kemur fram að framfærslulán skuli nægja hverjum námsmanni til að standa straum af framfærslukostnaði miðað við íslenska framfærslu. Við vekjum athygli á að hvort að tryggt verði öryggi námsmanna erlendis ef miða á einungis við íslenska námsmenn hérlendis, kostnaður við framfærslu er mismunandi eftir stöðum erlendis svo okkur þykir varhugavert að ekki verði gerð nákvæmari skil á þessum lið lána stuðningssjóðsins. Upphæð sem er reiknuð fyrir þau hérlendis er ekki tryggð námsmönnum erlendis fyrir óvæntum gengissveiflum eða breytingum í íslensku samfélagi. Ennfremur má benda á hvernig *staðaruppbót* er skilgreind í frumvarpi og hverjar kröfur til að uppfylla þau skilyrði eru helst til óskýrar, ef svo kemur fyrir. Ennfremur er listað í frumvarpinu í 21. gr. hvatning til einstaklingsins að skuldetja sig ekki um of, klára námið sitt á réttum tíma, auka fjármálavitund námsmanna og fá einungs lán fyrir því sem þeim vantar. Það er dýrara að lifa á Íslandi en í Ungverjalandi svo það segir sjálft að sjóðurinn mun lána meira en hann hefur áður fyrir framfærslu. Ákveðin mótsögn við markmið sjóðsins skapast með þessum hætti, þar að auki er óhagstætt fyrir lánþega ef framfærslulán eru ekki verðtryggð og bundin við gjaldmiðil þar sem nám er stundað og gengistryggð fyrir sveiflum á markaðnum. En raunveruleg þörf og krafa hjá félagsmeðlimum okkar eru aukin upphæð skólagjaldalána. Hingað til hefur skólagjaldaþak LÍN verið 40.000 evrur en þakið hefur haldist óbreytt síðan 2007. Það er óþarfi að útlista þær breytingar sem hafa orðið á verðlagi og efnahag á Vesturlöndum á þeim ellefu árum sem liðin eru en fyrir utan allt annað hafa skólagjöld hækkað síðastliðin ár án þess að breytingar hafi orðið á skólagjaldaþaki LÍN.

Ofaná allt hafa gengissveiflur áhrif á skólagjöld þar sem þau eru greidd í erlendum gjaldmiðli, þess utan er gengið hjá skólagjaldaláni LÍN miðað útfrá ákveðnum tíma árs sem gæti verið í ósamræmi við raunverulegt gengi þegar borga þarf skólagjöld í byrjun annar.

Okkur þykir vera jákvæð breyting ef hægt er að velja um hvort einstaklingur fái útborguð námslán mánaðarlega eða eftir hverja önn eins og er í dag. Þar sem að skólagjaldalán duga ekki fyrir okkar félagsmeðlimi, hafa þau sem að hafa nú þegar náð upp í þak skólagjaldalána, reynt að brúa bilið með því að nýta sumarlaun og hluta framfærslulána upp í skólagjöld (sem eru útborguð önn fyrir önn eins og LÍN lánar í dag). Fyrir þá sem eru í þessari stöðu er mánaðarleg útborgun ekki praktísk, þ.e. til að nýta hluta af framfærslulánum til að borga uppí skólagjöld í byrjun annar.

Sértækar aðgerðir:

Samkvæmt 7.kafla um sértækar aðgerðir ráðherra má leggja til hvort að íslenska ríkið vilji koma til móts við íslenska læknanema í Ungverjalandi að einhverju leyti með nýtingu á sérstakri ívilnun námsgreina. Dæmi um það gæti verið viðbótarlán fyrir skólagjöldum á árunum sem mest er þörf á, gegn samning um vinnutímabil í brothættu byggð, eða að lánsþegi starfi í fyrirfram ákveðinn tíma fyrir landspítala og/eða íslenska ríkið í heilbrigðisþjónustu. Eins og staðan er í dag er mikilvægt að passa uppá að þeir sem hafi ekki fjárhagslegt bakland detti ekki úr námi eftir hálfan námsferil þar sem við höfum einungis sumarfríð okkar til að vinna og safna fyrir skólagjöldum. Skattgreiðendur með langt nám að baki skila almennt ríkulega til baka í ríkiskassann í starfi auk þess sem menntun þeirra er samfélaginu mikilvæg.

Við teljum óvanalegt að einstaklingum sé aðeins lánað fyrir hluta náms. Hjá árgangi 2009- 2010 dugði skólagjaldalánið fyrir rúmum fjórum árum í því námi sem okkar félagsmenn stunda. Í dag dugar það fyrir rúmlega þremur árum. Áætla má að þau sem hófu 4. árið sitt í haust þurftu að finna aðrar leiðir til að fjármagna skólagjöld þessa námsárs. Frá 2009 hafa skólagjöld hækkað úr 12.500 USD í 16.900 USD, upphæð sem hefur staðið í stað síðan haust 2015. Eiginn hlutur nemenda mun óhjákvæmilega hækka í framtíðinni miðað við núverandi lög ef skólagjaldaþak verður ekki aukið.

Skuldbreyting:

Samkvæmt 40 gr. 10 kafla segir að þeir sem skuldi námslán við gildistöku þessa frumvarps og taka námslán að nýju, geti óskað eftir að breyta eldri námslánnum sínum til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Það má gera þetta atkvæði skýrara þar sem að margir félagsmenn okkar eru að útskrifast sem læknar á þessu skólaári eða næsta svo því ber að athuga hvort að þeir geti valið að taka upp nýja kerfið og hvort þeir uppfylli kröfur fyrir námsstyrk til að heita jafnræðis, ef frumvarp yrði samþykkt.

Lánshæft nám:

Í 4gr. fyrsta kafla kemur fram að lánshæfar einingar séu 420, þess utan doktorsnám 60 einingar og að heimilt sé að skipta lánsrétti milli eininga. Læknisfræði er 6 ára nám eða 360 ECTS einingar. Þetta býður upp á lítið sem ekkert svigrúm í námi komi eitthvað upp á miðjum námsferli en slíkt svigrúm er sérstaklega mikilvægt þegar um eins langt og strangt nám og læknisfræði er að ræða. Þess utan útilokar frumvarpið lánshæfi allra þeirra sem þegar hafa lokið B.Sc. námi á lánnum áður en þeir fara í læknisfræði, þar sem þeir nemendur fara langt fram yfir lánshæfan einingafjölda, eða upp í 540 ECTS. Augljóst er á frumvarpinu að námsmenn eru hvattir til að ljúka náminu sínu á réttum tíma en hér má veita athygli á lengd tiltekins náms og hvort að skilgreindar séu undanþágur fyrir svo langa námsferla. Erfitt er fyrir námsmenn sem hafa einungis sumrin til að vinna sér inn og fjármagna skólagjöld, að vera útilokaðir frá framfærslulánum LÍN vegna fyrri námsferils.

Fyrirkomulag námsstyrks:

Í fimmta kafla frumvarps mætti skerpa á skilgreiningu á kröfum sem menntasjóður setur. Niðurfelling á 30% hluta höfuðstóls námsláns við námslok er mikil kjarabót, svo skilgreina þyrfti málið vel svo enginn vafi yrði á hver getur fengið styrkinn og hverjar undanþágur eru, ennfremur hversu stór hluti styrks yrði skattlagður þar sem að fram kemur óskýrt í 37 gr. að styrkir séu skattlagðir eins og launatekjur og bera tekjuskatt og útsvar. Sömuleiðis mætti athuga hvort að lánspegar með börn sem eru í svo löngum námsferli njóti undantekninga frá 96 mánuðum ef að þau hafa byrjað í öðrum námsferli sem að teygir heildarfjölda námsára þó að nemi ljúki á réttum tíma.

Læknisfræðinemar erlendis taka almennt mjög há námslán og sú hugmynd að nýta breytilega vexti sem við greiðum til að fjármagna styrki er algjörlega háð gildi breytilegu vaxtanna, verðbólgu og öðrum utanaðkomandi þáttum. Samkvæmt 18 og 19 gr. verður lánþega gert að velja um verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum að námsferli loknum. Áhyggjuefni er hve seint nefnd skal vera kölluð saman fari verðtryggðir vextir ásamt föstu vaxtaálagi yfir 4% og óverðtryggðir vextir ásamt föstu vaxtaálagi yfir 9%. Samkvæmt útreikningum í fylgiskjali umsagnar SHÍ á vef samráðsgáttar um frumvarpið frá því í sumar sést að breytilegu vextirnir myndu hafa hækkað talsvert yfir undanfarið 10 ára tímabil, hefði frumvarpið verið samþykkt fyrir 10 árum. Þar sést svart á hvítu að þetta fyrirkomulag er talsvert óhagstæðara en föstu vextirnir í núverandi kerfi. Ennfremur þar sem félagsmenn okkar taka dýr lán er hver prósentu mikilvæg og bersýnilegt að okkar endurgreiðsla myndi hækka allverulega ef nýjir skilmálar vaxtafyrirkomulags, eins og þeir eru nú í frumvarpi, yrðu samþykktir.

Endurgreiðslur námslána:

Samkvæmt 20 gr. eiga greiðslur námslána að hefjast einu ári eftir að námi lýkur. Að ofansögðu má vera ljóst að fólk kemur stórskuldugt út úr löngu og dýru námi. Undir núgildandi kerfi taka slíkir námsmenn tilneyddir háa yfirdrætti til þess eins að geta náð endum saman og/eða lokið námi og fjármagnað skólagjöld seinni hluta náms. Eitt ár hrekkur bersýnilega ekki til að létta þá skuldabyrði sem safnast upp í gegnum sex ára nám. Áður höfðu einstaklingar tvö ár til þess að koma undir sig fótunum eftir að námi lauk. Þeir nemendur sem koma að lokuðum dýrum hjá bönkunum eftir að skólagjaldþaki er náð neyðast til að taka sér frí frá námi til að vinna sér inn fyrir skólagjöldum og geta því þurft að greiða af lánum sínum samhliða námi.

Nemendur sem hefja nám undir tilteknum lögum og reglum eiga að okkar mati að geta gengið að þeim kjörum, með tilheyrandi réttindum og skyldum, út námstímum ef þeir þess óska. Þegar við ákveðum að fara í langt og kostnaðarsamt nám athugum við fyrst og fremst hvort til staðar séu áreiðanlegar forsendur fyrir okkur til að ljúka náminu. Aðeins að því gefnu hefjum við námið. Það er að okkar mati óbodlegt að nemendur þurfi að lifa í ótta frá ári til árs um það hvort forsendur þess að námið var hafið brestu. Námsmaður á að geta metið það sjálfur hvort breytingar á lögum og úthlutunarreglum henti honum og hvort hann kys að nýta sér þær eða hvort hann vill að hið opinbera standi við þau skilyrði sem honum voru kynnt í upphafi náms.

Það er vandséð hverjum það er til hagsbóta að nemandi flosni upp úr námi og sitji uppi með námslán sem hann getur ekki greitt af. Ekki síst í þeim tilfellum þar sem greiðslugeta hans hefði dugað fyrir afborgunum hefði hann haft tök á því að ljúka námi. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki hægt að ljúka námi í læknisfræði í Ungverjalandi þurfi nemendur að treysta á Lánasjóð íslenskra námsmanna til framfærslu og fyrir skólagjöldum. Fyrirliggjandi frumvarp hjálpar einungis að hluta ef að námsmaður nær að krefsa saman fyrir seinni helming skólagjalda, klára námið sitt á réttum tíma og að breytileg vaxtakjör hækki upphæð láns ekki yfir þá upphæð sem nemur styrk sem lánþegi hlaut í lok námsferils.

Þess til stuðnings má benda á langan endurgreiðslutíma. Samkvæmt frumvarpi eru hærri upphæðir en 8 milljónir í hæsta þrepi með endurgreiðslutíma í að minnsta kosti 25 ár og breytilegir vextir yfir svo mörg ár gætu verið í heildina séð óhagstæðari reikningur þrátt fyrir styrk í lok námsferils.

Við fögnum því sannarlega að lög um stuðningssjóð sé komið í dagsins ljós og skipulag lánasjóðsins komið í endurskoðun en hvetjum þá sem um málið sjá að skoða alla þætti þess og endurskoða fyrirkomulag breytilegra vaxta, að framfærslulán séu miðuð við námsmenn á Íslandi og gera gagngera endurskoðun á þaki á skólagjaldalánum.

Núverandi frumvarp mun ekki breyta kjörum félagsmanna okkar að neinu ráði ef óbreytt verður, þar sem óvissa með breytilega vexti er til langtíma ekki kjarabót ef lánið safnar vöxtum sem um nemur upphæð námsstyrks. Námsmenn munu enn þurfa að vinna myrkranna milli, til þess að fjármagna skólagjöld á sama tíma og þeir sinna ólaunuðu verknámi á spítalanum í sumar- og jólafríum frá skóla.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra læknanema í Ungverjalandi